

# HÁTÍÐ ARHYLKIÐ



## Leyf mér að spá og spekúlera

**BJÖRG ERLINGSDÓTTIR**

Við lifum á áhugaverðum tímum. Þessa tíma á eftir að verða minnst í sögunni sem tímabilsins þegar COVID19 - hinn ósýnilegi en sameiginlegi óvinur mannkyns, herjaði á og ógnaði hag allra jarðarbúa, lífi manna og lífsafkomu. Hans verður einnig minnst fyrir þær breytingar sem eiga rætur í þessum tíma samvinnu og sundrungar. Búseta og efnahagur þjóða hafa alltof mikið að segja um hvernig gengur að vinna á móti veirunni og hversu mikil áhrif faraldurinn hefur á daglegt líf til skemmri og lengri tíma. Misskipting auðs og gæða er mannkyninu ekki til framdráttar og verður átakanlega ljós þegar neyð eins og þessi gerir vart við sig. Í sameiningu erum við að vinna á veirunni en samtakamátturinn nær ekki lengra en svo að þau ríki sem sterkast standa gleyma samstöðunni þegar á hólminn er komið og skipta bóluþefnum sín á milli áður en fátækari þjóðir geta vænst þess að verja líf sinna íbúa. Mannkynið er að sýna sínar bestu og verstu hliðar og það er því miður ekkert nýtt í sögu mannsins. En áhugaverðir eru þessir tímar og fróðlegt verður að sjá hvort samtakamátturinn eigi eftir að lifa af einkahagsmunum, hvort maðurinn komist nær því að deila gæðum frekar en drottna í skjóli auðs og valda - bæði einstaklingar og þjóðir.

Stórir viðburðir setja mark sitt á sögu mannkyns en í dag sjáum við ekki hvaða áhrif heimsfaraldurinn er að hafa á morgundaginn. Við ætlum því að skrifa niður og geyma frásagnir af samtímanum og rifja upp þegar við sjáum betur hvaða breytingar urðu á lífi okkar með innrás þessarar óværu sem COVID er. Og hér er passandi að vísa til vísu Stephans G. Stephansson frá 1912:

Undarleg er íslensk þjóð!  
Allt sem hefur lifað,  
hugsun sína og hag, í ljóð  
hefur hún sett og skrifað.

Hlustir þú og sé þér sögð  
samankveðna bagan:  
Þér er upp í lófa lögð  
landið, þjóðin, sagan.

Og svo verða kannski ekki miklar breytingar. Kannski tökum við upp fyrri hætti um leið og heimsfaraldurinn hörfar, góða sem slæma. Kannski gleymum við að saman getur mannkynið áorkað miklu, kannski gleymum við að þegar hægðist á samfélaginu minnkaði neysla og mengun, kannski gleymum við og förum á flug við fyrsta tækifæri í næstu skíðaferð eða á sólarströnd og gleymum vandræðum "hinna" – þeirra sem búa annarsstaðar og deila ekki okkar lífsgæðum. Kannski gleymum við og höldum áfram að kasta sprengjum á borgir og heimili manna, kannski gleymum við að það er meira sem sameinar okkur en sundrar. Og kannski munum við aftur að það erum við og þau.



Mynd Lauren Ashley

Um leið og við erum að upplifa mikla sorg, kvíða og ótta og syrgjum þá sem misstu líf sitt, sjáum við líka það jákvæða í tilveru okkar. Við eigum sterkt samfélag, samkennd og hjálpumst að. Við búum í landi þar sem mikil velmegun ríkir, þó misskipt sé, höfum sterka innviði og búum við mikil gæði. Við eigum öflugt heilbrigðiskerfi, óeigingjarnt starfsfólk innan heilbrigðisgeira og skóla, menntakerfið okkar er sterkt og við hlúum að unga fólkinu okkar, hlustum á ráðleggingar og fylgjum reglum, getum ferðast og hist, notið samvasta, sótt afþreyingu og notið lífsins. Við erum gott fólk og viljum öðrum vel. Þetta er í okkar augum eðlilegt líf en um leið mjög íslenskur veruleiki og alls ekki veruleiki allra jarðarbúa. Veruleiki okkar er forréttindi í augum annarra - núna þegar við getum ekki notið þessa lífs skiljum við vonandi sjálf hvílk forréttindi við hér á Íslandi búum við. En um leið sjáum við líka að þegar erfiðleikar stöðja að samfélaginu okkar er það viðkvæmt og að hagur mannkyns byggir á að öll keðjan sé sterk og við vinnum saman.

Það eru forréttindi að fá að búa á landi eins og Íslandi. Fyrri kynslóðir hafa byggt upp gott samfélag sem við njótum í dag og okkar er að halda þeirri vinnu áfram og byggja upp fyrir komandi kynslóðir. COVID er böll en um leið og við þurfum að sníða líf okkar að breyttum aðstæðum lærum við vonandi að meta þessi gæði sem við búum við og skiljum að þau eru ekki sjálfgefni og þau eru ekki lífsnauðsyn.



Hvað vitum við hvað framtíðin ber í skauti sér? Vonandi haldast lífsgæðin okkar og við þurfum ekki að búa við stærri og meiri ógn en heimsfaraldurinn boðar, vonandi þurfum við aldrei að upplifa stríð og átök í samfélagi okkar, innrás eða þverrandi gæði.

Mannkynið hefur áður gengið í gegnum hörmungar eins og heimsfaraldur, jarðskjálfta, eldgos, flóð og aðra náttúruvá og ekki síst harmkvæli sem manneskjan sjálf hefur verið völd að.

Við hér á Íslandi höfum ekki farið varhluta af þeirri ógn sem stöðjar að mannkyni en um leið höfum við lært að meta þau gæði sem við og fyrri kynslóðir höfum byggt upp hér á þessu stórbrotna landi. Tími COVID19 - tíminn þegar við komumst ekki í ferðalög og veislur, þegar lífið hægði ógn á sér, þegar við gátum ekki farið í stór jólaboð, leikhús eða tónleika, í ræktina eða bíó - sá tími líður hjá en við eigum áfram samfélagið okkar og sterka innviði, húsin okkar standa uppi, við eigum okkar sameiginlegu gildi og við erum sameinuð þjóð með alla möguleika til að vaxa og dafna. Og kannski hefur þessi tími gefið okkur skilning á því hvað er nauðsyn og hvað eru gæði sem við getum komist af án. Heimsfaraldurinn hefur vonandi aukið skilning okkar á og tryggt að við munum að gæði samfélags okkar liggur ekki í því sem við erum að verða af, ferðalögum og partyjum, heldur því sem eftir stendur þegar slík gæði hverfa frá okkur og þröngar skorður setja mark sitt á líf okkar. Daglegt líf, heilsa og velferð ættingja og vana, samkennd og samvinna milli allra aldurshópa, líkamleg og andleg heilsa - þar liggja lífsgæðin, allt hitt er aukaatriði þegar upp er staðið.

Með kærri kveðju til framtíðar lesenda. Vonandi búið þið og allir jarðarbúar við mannvirðingu og sátt. Vonandi sýnið þið meiri skynsemi en við, metið fjölbreytileikann, sjáið verðmætin sem felast í friði og ró, deilið gæðum með nágrönnum og byggjið upp frekar en að brjóta niður.



## ENGINN VERULEGUR SKANDALL

### Jól í „COVID” 2020

#### AUÐUN BENEDIKTSSON

Jólin 2020 voru að vísu ekki alveg hefðbundin hjá okkar fjölskyldu, en þó ekki neinn verulegur skandall vegna þessa ástands. Allir voru við góða heilsu og jólastelpan okkar Amelía Ýr átti 3ja ára afmæli á aðfangadag, hún og foreldrarnir ásamt tveimur köttum og hundi komu 16. desember og voru fram yfir áramót, þau eiga heima í Hafnarfirði.

Aðfangadagskvöld var hefðbundið eins og síðustu ár, hamborgarhryggur með öllu tilheyrandi og til borðs sátu ásamt okkur hjónum eldri dóttir okkar Kamilla, hennar sambýlismaður Sindri Þór og svo jólastelpan okkar Amelía.

Það sem aðallega breyttist þessi jólin var að við höfum fengið hluta af fjölskyldu Ragnheiðar í gamaldags (hefðbundinn) jólamat á jóladagskvöld en af því varð ekki að þessu sinni eins og gefur að skilja, svo það var bara sami hópurinn við borðið á jóladagskvöld.

Veður var einstaklega gott þessa daga, að mestu hægur vindur og bjartviðri. Einstaklega gott veður á gamlárskvöld, logn og bjartviðri, enda vorum við hér í Heiði í stúkuseti við að horfa á flugeldana sem skotið var á loft bæði á Akureyri og um allar sveitir, enda sjáum við héðan fram alla Eyjafjarðarsveit ásamt nágrenninu.

Það var að vísu líka breyting hvað varðar sjálf áramótin, en mörg undanfarin áramót (ca. 30 ára hefð) frá ca 10 að kvöldi til ca 2 á nýju ári hafa flestir úr fjölskyldu Ragnheiðar safnast saman heima hjá foreldrum hennar, en ekkert varð af því að þessu sinni.

„Enda hlýðum við Víði“.



Verið að hjálpa Ömmu við jólabaksturinn. Börnin heita frá vinstri: Heiður Emma 2ja ára, Ryan Auðun 7 ára og Amelía Ýr 3ja ára.



„Jólatré í stofu stendur“



## Þá voru eftir 6

Hér koma myndir frá áramótum, venjulega er hér stórfjölskyldan 30-50 manns en þessi áramót vorum við 6.

Á einni myndinni sjáum við flugeldasýningu hjá björgunarsveitinni en engin brenna var við vitann þetta árið sem hefur verið fastur liður hér síðustu áratugi.

Kveðja, Guðmundur og Anna Sólveig Svalbarði





# Jólin 2020 mættu stundvíslega

## GÍGJA KJARTANSDÓTTUR KVAM

Þrátt fyrir covid voru jólin mætt hér í Fossbrekku á réttum degi og réttum tíma.

Frá því að við byggðum og fluttum inn í Fossbrekku höfum við fjölskyldan haldið okkar jólasíðum óbreyttum, en þó stundum seinni árin án barnanna sem ekki hafa alltaf haft tækifæri til að halda jólin heima. Líklega eru jólin hérna í Fossbrekku ekki alveg hefðbundin íslensk jól. Þar sem húsbóndinn er norskur höfum við laumað inn smá norskum venjum frá hans æskuheimili og líka smá blöndu af þýskum jólasíðum sem mér finnst fallegur, frá námsárum mínum þar.



Þegar börnin hafa klæðst jólafötunum og foreldrarir sparifötunum borðum við hátíðamatinn, oftast hamborgarhrygg með öllu tilheyrandi og svo jóla möndlugrautinn á eftir, ef laust pláss er enn innanborðs, annars síðar um kvöldið. Séu nú allir saddir og sælir hefst sameiginlegur frágangur í eldhúsi. Að því loknu er sest í stofu við jólatréð, sem verður að vera barrtré úr íslenskum skógi.

Þá hefst "serimónían", húsbóndinn les einhverja skemmtilega jólasögu, auðvitað á norsku og allir hlýða á, það má alveg skotra augunum á pakkana sem liggja undir jólatrénu á meðan. Þá er lesin stutt jólasaga á íslensku, ef húsmóðirin hefur haft tíma eða andagift til að setja eitthvað slíkt á blað.

Að síðustu er svo jólaguðspjallið lesið og skiptust börnin á að gera það eftir að þau lærðu að lesa.



Þá loksins er komið að aðalmáli kvöldsins, útteilingu pakkanna, sem er alfarið í höndum húsbóndans. Hver og einn fær eina gjöf í senn og allir fylgjast með, dást að gjöfinni og samgleðjast eigandanum. Þannig er haldið áfram þar til allar gjafir eru komnar í hendur sinna eigenda.

Svo er haldið áfram að skoða, gleðjast, leika sér, eða lesa fram eftir kvöldi. Þegar börnin voru lítil kom hér hvert aðfangadagskvöld norskur tröllkarl, sem heitir Dovregubben. Hann var mjög ómannblendinn og lét aldrei sjá sig, en barði allt húsið að utan, skildi svo pokann sinn eftir við útidyrnar og var farinn þegar við komum út. Hann flaug á þotuskiðum frá Noregi yfir hafði með gjafir til barnanna í Fossbrekku.



Eitt skipti kom íslenskur jólasveinn með epli í poka og gaf góðum og þægum börnum, en það kom í ljós að hann hafði stolið stígvélunum hans pabba þeirra og var meira að segja í þeim inni á stofugólfi. Nú hafa jólin í Fossbrekku verið haldin í 45 ár og verða vonandi enn haldin hér í einhver ári í viðbót ef heilsan og Guð lofa.

Við sendum öllum sveitungum okkar óskir um frið og farsæld á nýju ári.

Fossbrekkubúar.



Mynd Rolf Lidberg

*Dovregubben er hinn mesti ljúflingur og elskar góð og þæg börn, en er mjög ómannblendinn. Það kemur fyrir ennþá að hann kíkir við en lætur lítið fara fyrir sér, engin læti. Þá hefur hann laumast inn um nóttina og lagt pakkana undir jólatréð, venjulega eitthvað hlýlegt og gott, sokka, húfur, vettlinga og þess háttar.*



Mynd sem lýsir kyrrðinni og aðgerðaleyfinu hér á norðurströndinni / Stefán

## Tíðindalaust á norðurvígstöðvunum

STEFÁN TRYGGVA- OG SIGRÍÐARSON

Þegar maður lifir fábreyttu lífi eins og ég geri; held mig mest heima, fáir koma í heimsókn, hlusta helst bara á þögnina og má kallast góður ef ég næ að hitta Ingu mína á matmálmótum, þá verða dagarnir oft hver öðrum líkir. Á sama hátt og ég fæ mér alltaf bara te og ristað brauð á morgnana og skyr í hádeginu, þá kann ég þessari vanafestu og jafnvægi tímans mjög vel. En annað gildir um jólin.

Synir okkar fjórir búa ýmist erlendis eða á höfuðborgarsvæðinu og það að fá þá alla heim um jólin eru ómetanleg lífsgæði. Húsið fyllist af fólki og börnum að leik. Inga er einstök jólakona og skreytir öll hús á bænum í hólf og gólf og þar að auki sér hún til þess að vel sé gert við alla í mat og drykk. Reyndar koma allir mikið að matargerðinni þó hlutverk mitt einskorðist við að steikja og brúna hvítkálið. Ekki svo að skilja að það krefjast einhverrar sérþekkingar heldur er það dæmi um þær hefðir sem einskorðast við jólin. Og þær eru margar. Enn eru jólagjafirnar selfluttar úr kjallaranum og upp og undir jólatréð skömmu fyrir klukkan sex. Þó barnabörnin séu nú orðnir virkir þátttakendur í verkinu eru það synirnir, sem allir eru komnir á þrítugs- og fertugsaldur, sem stjórna framkvæmdum.

Þessi jólin var ég að jafna mig eftir mjaðmaadgerð og var því venju fremur duglegur að gera ekki neitt. Það er reyndar mjög vanmetinn eiginleiki, ekki síst þar sem það kostar ekkert og veldur sjaldnast spjöllum á náttúrunni. Talandi um náttúruna. Ég hef það á tilfinningunni að heldur hafi dregið úr óhóflegri jólagjafagleði landans þessi jólin. Auglýsingar um gjafabréf fyrirtækja fyrir jólin benda til að meira hafi verið hugað að því að njóta fremur en nota þegar fólk valdi jólagjafirnar. Og er það vel. Hvort Covid faraldurinn hefur haft hér eitthvað að segja skal ósagt látið en hann kom alla vega ekki í veg fyrir að fjölskyldan á Þórisstöðum ætti gleðirík jól á hinu umtalaða ári 2020.



## Níu nóttum fyrir jól þá kemur Covid eða hvað?

HANNA DÓRA INGADÓTTIR

Sonurinn gifti sig í Reykjavík....ég ætlaði að fara en á síðustu stundu var fækkað niður í 10 manna samkomubann og brúðhjónin skáru niður gestina. Ég fauk af gestalistanum. Það var nú að vísu að mínu eigin frumkvæði og ákveðið var að streyma giftingunni á netinu. Ég fór bara í kjólinn og lakkskóna og setti á mig ilmvatn og varalit, keypti kampavín og kavíar og sat heima í stofu. Grét og hló og skálaði fyrir þeim. Þetta var bara gaman en engin faðmlög, kossar eða knús og einungis rafrænar hamingjuóskir. Það var svosem gott að vera bara heima og vera ekkert að taka neinar áhættur. Ég var búin að passa mig frekar vel og umgekkst fáa. En svo gerðist svolítið skrítíð. Ég bauð ungri stúlku að kíkja inn til mín, vildi sýna henni bekk sem ég ætlaði að losa mig við og ég vissi að hún var að spyrja eftir svona bekk. Hún stoppaði um hálf tíma hérna hjá mér en þremur dögum seinna var hún greind með Covid. Ég fór í sóttkví og sýnatöku og varð að halda mig heima. Mér fannst ég vera ótrúlega róleg eins og ég er þó búin að vera hrædd við þennan sjúkdóm og ástandið. Ég var heima í nokkra daga og var ekki með veiruna, guði sé lof, slapp vel og fór svo bara aftur í vinnuna mína en samstarfskona mín fékk veiruna, hún er mamma ungu konunnar sem kom til mín. Þær urðu hvorugar mjög slæmar en á því heimili fengu fimm manns veiruna. Þau búa hér beint á móti mér þannig að mér fannst ég vera frekar með þetta allt svona nálægt mér.



Pestin er skæð og maður veit aldrei hvar hana er að finna. Á þessum tíma var fyrir nokkru búið að skipta upp í sóttvarnarhólf í vinnunni og við komnar í einangrun aftur. Við vorum í lokuðu rými og útaf fyrir okkur í leikskólanum með yngstu börnin. Við fórum ekki á kaffistofuna og hittum enga aðra en þessar 2-3 konur sem voru í þessu rými og nú var heldur farið að þyngjast í mínum huga og þoli í kring um covid. Allt sem ekki var hægt að gera eða vera eða upplifa út af þessu ástandi var farið að hafa íþyngjandi áhrif, allavega á undirmedvitundina. Það var alltaf skemmtilegt að vera í kirkjukórnum þegar byrjað var að æfa jólalög. Það gladdi sálina, gaf gleði að hittast og syngja saman þessi fallegu, hugljúfu lög með góðan boðskap sem nærir sálina og svo voru líka stundum einhverjir gullmolar með kaffinu, einhverjir farnir að baka til jólanna og komu með smakk og gleði fyrir okkur hin...en þessa aðventu var undirbúningurinn allt annar. Engar söngæfingar út af Covid. Sundleikfimin var löngu komin í Covid frí og ekkert verið að skipuleggja jólahlaðborð þar á bæ. Bara verið að hugsa um tveggjametra reglu og samkomubann. Andskotans, ég er samt ekkert íþróttafrik en mér finnst svo fúlt að komast ekki í sundleikfimi. Jæjæ, áfram skal halda.

Stórfjölskyldan er von að fara í lafabrauð og þá komum við saman systkinin, börn, tengdabörn og barnabörn. Alls hafa þetta verið milli 30-35 manns og er annað skiptið á árinu sem við hittumst öll eða að minnsta kosti allflest. Það var hefð að borða hangikjöt. Oftast var verið að smakka reykinguna frá haustinu. Þá var Ómar bróðir búinn að reykja kjötið og gaf okkur að smakka og oft reyktu tungu líka. Hann er nú hættur í



búskapnum og hættur að reykja lambakjöt en við höldum í hefðina og borðum ævinlega heitt hangikjöt á lafabrauðsdaginn. En nú var ekkert lafabrauð og enginn hittingur og engin veisla eða gleði. Út af Covid. Ég frétti nú samt að flestir hefðu gert lafabrauð í sínum jólakúlum. Ég hef ekkert frétt hvort það var eitthvað gaman þá.

Ég fór nú að setja saman mína jólakúlu og í byrjun aðventu kom nýgifta parið norður til mín og með þeim barnabarnið mitt sem er algjör sólargeisli í mínu lífi. Þau voru komin til að hjálpa mér að breyta og bæta heimilið mitt.

Það endaði með því að eftir nokkra daga leit það út eins og hér hefði gengið yfir fellibylurinn ..sem heitir eitthvað .. hann byrjar örugglega á C. eitthvað. Og ég fékk líka mús. Það finnst mér afar slæmt. Ég er mjög hrædd við þær og sveitarstjórinn sendi húsvörðinn með músaeitur um hæl svo ég gengi nú ekki af göflunum. Músin fannst nokkru síðar dauð. Þannig var þetta í byrjun aðventu hjá mér. Við vorum búin að rífa allt innan úr baðherberginu og notuðum ferðaklósett og allt úr eldhúsinu og notuðum helluborð og útigrill. Það var ekki hægt að komast út að borða, vegna tveggjametra reglu og Covid en þetta endaði nú með nýju gólfefni, heilum veggjum, sumt nýmálað og annað óklárað. Á þessum tímamarki vissi ég nákvæmlega hvar ekkert var á heimilinu. Ég var búin að flytja innhúss svo oft síðastliðnar þrjár vikur að það var bara ótrúlegt. Í þessu Covid hefur fólk verið hvatt til að ferðast innanhúss en ég veit ekki um marga sem eru búnir að flytja innanhúss svona kannski sjö sinnum. Nú var mikið búið að gera og börnin farin til borgarinnar og af einhverri ótrúlegri tilviljun átti ég pantaða íbúð í Reykjavík um jólin og ég ákvað að vera þar. Það var gott þar sem ég var hvorki með eldhús né bað. Ég var heldur ekki að hugsa um nein jólaljós.



Ég fór svo í vinnuna og þar var allt rólegt og gott. Þar dundaði ég með litlum krílum að útbúa jólagjafir handa foreldrunum og skreyta pappír og syngja jólalög með þeim. En þá bugaðist ég bara einn daginn á líkama og sál og var komin heim í veikindafrí en ekki með Covid. Og þannig varð þá aðventan mín. Þó mér hafi fundist ég búin að vera einangruð og einmana í vinnunni þá var ég orðin alein hér heima. Það fyrsta sem ég gerði, að mér fannst, svona fyrir mig var að setjast fyrir framan sjónvarpið á sunnudegi kl 13.00. Kom mér vel fyrir og horfði á Ólaf Darra leikara lesa Aðventu eftir Gunnar Gunnarsson. Ég les ekki bækur mér til skilnings en lengi var mig búið að langa til að hlusta á þessa sögu. Ég hafði heyrt lesið upp úr henni á jólafundum Kvenfélagsins og líkaði vel. Já, nú eru heldur engir kvenfélagsfundir og engar samverustundir með þeim góðu konum. En að taka frá stund og hlusta á þennan lestur var alveg magnað.



Ég fór og hreinsaði ruslið úr garði mínum og húsi og ferðaðist nú milli heimilis og gámasvæðis þar sem ég kom frá mér múrbroti og rusli og ég hittí bara aldrei neinn sem var svosem ágætt. Mér fannst ég stundum geta samsamað mig við sögupersónuna í Aðventu. En ég fór suður og átti yndisleg jól með sonum mínum, tengdadóttur og barnabarni og fleirum í minni jólakúlu. En þetta voru öðruvísi jól. Ég var bara ekkert að gera, bara njóta. Það getur verið mjög skrítíð þegar maður hefur haldið jól hér heima í um 30 ár, alltaf eins. Það var engin skötuveisla. Það var að vísu búið að bjóða mér í skötuveislu í borginni. En það var löngu búið að slá hana út af borðinu vegna Covid. Og það var engin jólamessa heldur í Svalbarðskirkju. Ég er von að syngja þar með



kirkjukórnum kl 16.00 á aðfangadag. Það hefur gefið mér, eða þá byrja jólin að koma til mín þegar allir eru búnir að stilla saman hjörtun og syngja saman Heims um ból. Það er alveg einstök orka sem myndast á kirkjuloftinu að lokinni messu, þá fallast allir í faðma og óska hver öðrum gleðilegra jóla og þá fær maður svo ótrúlegt ryk í augun alltaf. Nú var engin messa en jólin komu samt til mín og þar með lauk adventunni.

Milli jóla og nýárs kom ég aftur heim. Það var ekkert voðalega jólalegt heima hjá mér en alltaf er nú gott að koma heim hversu gott og skemmtilegt það var, að fara að heiman. Jólakúlufólkið mitt kom á eftir mér og áfram héldu krakkarnir við endurbætur hjá mér.

Á undanförunum árum höfum við systkinin og fjölskyldur komið saman á gamlárskvöld hjá Bjössa bróður. Sonur hans er tekinn við hefðinni og við höfum verið hjá honum. Alltaf saman á gamlárskvöld. En það er samkomubann og tveggjametra regla og ekkert gamlárspartý í Smáratúni 11 fyrir stórfjölskylduna. Það var bara mjög skrítið. En við gerðum okkar eigið Gamlárspartý hér heima í jólakúlu Hönnu. Við skreyttum yfir skítinn, elduðum góðan mat, horfðum á skaupið og sprengdum og áttum mjög góða stund. En það var svo skrítið að standa uppi á götu, sömu götu og ég hef staðið á síðustu

gamlárskvöld í minnsta kosti 25 ár. En ég var á öðrum stað, var fyrir utan mitt hús en ekki Bjössa hús og ég faðmaði fólkið mitt fast og innilega en stóð á lengdar og veifaði til allra í Smáratúni 11 og kallaði til þeirra óskir um gott og gleðilegt nýtt ár. Ég er mjög hugsu yfir því hvort maður geti sagt takk fyrir árið sem er að líða. Það er mjög vel hægt. Takk fyrir liðið ár. Það var erfitt og strembið en það kenndi mér margt. Og ég get verið þakklát fyrir svo margt. Og það sem ég mun gleðjast, þegar ég get farið að sinna öllum mínum verkum á ný.

Gott og gleðilegt 2021


## Söknuðum faðmlaga og nærveru

MARGRÉT HEINREKSDÓTTIR

Á dauða mínum átti ég fremur von en því að ég ætti eftir að halda jól á tölvuskermi. Kjarnakúlan mín er nú ekki ýkja stór og hefði rétt rúmast innan gefinna marka en þegar sýnt var að ekki kæmust allir norður vegna vinnu var brugðið á það ráð að skipta hópnunum í tvennt og talast við með tölvunum að málsverði loknum á aðfangadagskvöld, flest enda orðin þaulvön fjarfundum og tilheyrandi búnaði eftir liðið veirufár þar sem tekið hafði verið fyrir fundafærðir staða í milli og landa. Snæddur var hátídamatur á báðum stöðum með sama aðalrétti og gjafir síðan teknar upp með tölvurnar opnar. Við höfðum tekið upp þá nýjung að hver og einn skyldi kaupa fyrir millifærðar krónur sínar helstu jólagjafir að eigin ósk, til þess gert að draga úr búðarápi, bæði með tilliti til eigin öryggis og starfsmanna verslana - og pósthjónustunnar - sem áttu fullt í fangi með að sinna sínum hlutverkum að uppfylltum hamlandi og tefjandi kórónareglum. Allt fór þetta vel fram enda þótt við söknuðum sárlega faðmlaga og nærveru allra.



Þegar þessar línur eru ritaðar, hinn 15. Jan. 2021, er liðið rétt ár síðan ég heyrði fyrst á erlendum fréttamiðlum sagt frá sérkennilegum, alvarlegum og að því virtist bráðsmitandi sjúkdómi sem upp væri kominn í borginni Wuhan í Kína og virtist stafa af áður óþekktri veiru. Fylgdi fréttunum að sá sem fyrstur hefði skýrt frá og reynt að vekja á henni athygli hefði mætt algerrri vantrú yfirvalda og verið hneptur í varðhald fyrir fleipur og hræðsluáróður sem valdið gæti almannahættu. Þessi ungi maður varð með fyrstu fórnarlömbum veirunnar sem síðan hefur farið sem eldur í sinu um gervalla veröldina og kostað til dagsins í dag tvær milljónir mannlífa, að minnsta kosti. Farsóttin hefur þar að auki haft gífurlegar efnahagslegar og samfélagslegar afleiðingar, leitt í ljós brotalamir í innviðum fjölmargra ríkja og



afhjúpað dugleysi og vanhæfni stjórnenda ýmissa landa.

Við hér á Íslandi höfum verið flestum þjóðum lánsamari þar sem hér hefur einstaklega vandað og vel menntað fólk stjórnað aðgerðum og stjórnámálum okkar verið þeim vanda vaxnir að halda sig til hlés, hlusta á ráð okkar færustu vísinda – og fræðimanna og byggja á þeim reglurnar sem okkur hafa verið settar. Jafnframt hefur íslenska þjóðin sýnt að hún býr yfir þeim samfélagslega þroska sem þarf til að búa við lýðræðislegt stjórnarfar, með nokkrum undantekningum þó þar sem heimiska og hroki hafa ráðið framkomu fólks sem hætt hefur á að valda þjóð sinni tjóni, neitað að neita sér um glaum og gleði meðan aðrir hafa sýnt tillitssemi og umhyggju, forðast margmenni og jafnvel orðið að horfa á eftir

ástvinum sínum í dauðann án þess að geta kvatt þá eða veitt þeim þá ástúð og hlýju sem allir þurfa á að halda á banabeði. Við getum gengið að því sem vísu að veiran vonda muni ekki víkja frá okkur á næstunni, ekki fyrr en langt er liðið á árið og jafnvel fram á það næsta. Það mun því áfram reyna á samstöðu okkar og þolinmæði, eins og forvera okkar öldum saman, alla þá sem byggt hafa þetta fagra en erfiða - og lengi einangraða - land elda og ísa. Ég á þær óskir heilastar og heitastar okkur öllum til handa að við berum gæfu til að standa þeim ekki að baki heldur standa undir því merki að heita Íslendingar - hvaðan og hvenær sem okkur hefur borið að landsins ströndum – og halda áfram að byggja upp gott og farsælt samfélag á grundvelli frelsis, jafnréttis og bræðralags.









## Náttúrufegurðin ósnortin

### MAGNHILDUR SIGURÐARDÓTTIR

Kófið leggst yfir mannlífið eins og dimmur skuggi en fegurð náttúrunnar er ósnortin því hennar er hægt að njóta á öllum árstíðum.

Ég er mikill náttúruunnandi, hef yndi af að fara upp í heiði eða Víkurskarð, tína ber og lyng, lækningajurtir og fjallagrös. Nýta það sem jörðin gefur af sér og það sem er ræktað í eigin ranni.



Þórir barnabarn og gamli, góði Lubbi hjálpa til með kartöfluuppskeruna.



# Hugrenningar geðlæknis á COVID tímum


JÓN ÁKI JENSSON

Undanfarna mánuði hefur þjóðin þurft að glíma við breytingar sem eru fordæmalaugar í nútímaþjóðfélagi. Hinn ósýnilegi ógnvaldur er kannski ekki fordæmalaus sem slíkur í mannkynssögunni. Plágur og pestir hafa hrjád mankynið í gegnum árpúsundir og ávallt verið áföll fyrir þá sem hafa þurft að takast á við slíka faraldra, ekki síst vegna þess hversu mannskæðir þeir hafa reynst. Núverandi faraldur er áfall líkt og aðrir í sögunni en þó ólíkur þeim sem áður hafa verið. Nútímataekni og aukin þekking gerir okkur kleift að takast á við veiruna á betri hátt en þekkist áður. Samt sem áður finnur hver og einn einasti einstaklingur í þjóðfélaginu fyrir þyngdinni sem hefur lagst á okkur síðasta árið. Þetta afl sem leggst eins og mara á hversdagslífið. Þetta afl sem ég kys að kalla kvíða.

Sem meðferðaraðili hefur mér hlotnast sá heiður að fá að aðstoða fólk við að berjast gegn sálarangist og sálarænum/geðrænum einkennum sem það glímur við.

Það er ekki sjálfsagt að fólk opni sig varðandi sín vandamál við bláókunnugan einstakling, og því kys ég að nota orðið heiður í því samhengi. Í gegnum þá vinnu hefur það ekki farið framhjá mér, hversu mikil hraðaukningin hefur orðið á nútímaþjóðfélagi. Sífelld, aukin krafa um árangur, framleiðni, ábyrgð og í raun fullkomnun. Krafa sem reyndar enginn uppfyllir í fullri sátt við sig. Sumir halda dampi, aðrir dansa á brúninni og enn aðrir bogna undan álaginu og jafnvel brotna. Sem meðferðaraðili hafa þeir síðastnefndu gjarnan komið inn um mínar dyr.

Það hefur ekki farið framhjá mér, né neinum öðrum sem vinna við að meðhöndla geðræn einkenni, hversu mikil aukning verður á þjónustuþegum þegar áföll dýnja á þjóðfélaginu. Þegar þjóðfélagslegur utanaðkomandi kvíði leggst ofan á kröfur nútímans, er útkoman oft á tíðum erfið, sársaukafull og jafnvel grafalvarleg.



Nútímaþekkingin sem er notast við til að berjast gegn ósýnilegum ógnvaldi stangast nefnilega á við kröfur samfélagsins. Við krefjumst félagslyndis en eigum að vera einangruð. Við eigum að sinna þeim eldri en jafnframt ekki skaða þau með nærveru okkar. Við eigum að halda framleiðni en jafnframt sýna stöðuga gát. Við eigum að njóta lífsins, en jafnframt hafa áhyggjur. Hvernig er þetta mögulegt? Það kemur upp í hugann gamalt ljóð þegar hugsað er um átök þessara krafta.

„Svo takast þeir á, -  
hreystin og fordæðan forn og grá,  
ofurhuginn og heiftin flá,  
æskan með hamstola hetjumóð  
við heiðninnar dauðablóð.  
landstrúin nýfædda, blóðug og blind,  
og bölheima forynju-mynd,  
harkan og heimskan,  
þrjóskan og þjóðin,  
krafturinn og kynngin,  
Kristur og Óðinn!“

Líkt og í Grettisljóðum, virðist enginn verða sigurvegari í raun.

Sem meðferðaraðili verður það meginmarkmið mitt í

meðferð að reyna að sjá það uppbyggilega í öllu, sama hversu alvarlegt og erfitt það virðist. Umbreyta upplifun úr einhverju neikvæðu, yfir í jákvætt. Til þess að geta það verður að vera mögulegt að sjá hlutina úr fjarlægð, hætta að telja trén og virða fyrir sér skóginn. Getur það verið að COVID í allri sinni mynd, hömlum, afleiðingum og sársauka, geti kennt okkur eitthvað? Kennst okkur um lífið? Um upplifun okkar á því?

Ég kys að virða fyrir mér skóginn þar. Að mínu mati hafa kröfur samfélagsins út á við látið okkur gleyma því mikilvægasta... að hafa getu og hugrekki til að horfa inn á við.

Það er nefnilega hægt að velja þegar kemur að því að takast á við kvíðann sem veiran veldur og hömlurnar sem okkur eru settar vegna hennar. Getum við mögulega nýtt það til að horfa inn á við og vinna með kröfurnar í kringum okkur? Sætta okkur við ófullkomnun og takmarkanir okkar? Draga úr hraðanum og lífsgæðakapphlaupinu? Njóta samverustundanna með okkar nánustu? Læra að lifa með því að við stjórnnum ekki lífi okkar og annarra, heldur einungis viðbrögðum okkar við því sem lífið býður upp á? Síðast en ekki síst, getur verið að við höfum tækifæri til að læra að njóta samverustunda við okkur sjálf? Njóta einveru, kyrrðar og friðar? Búa til innri styrk og frið úr þeim samfélagslegu hömlum sem okkur hafa verið settar?

Nú þegar hefur faraldurinn sýnt okkur fram á jákvæðar afleiðingar, ljóstýru í miðju almyrkri, þá að hægt er að bregðast við hlýnun jarðar. Veirunni tókst það sem mannfólkinu í sameiningu tókst ekki enn sem komið er, að draga allverulega úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Við komum ekki í veg fyrir faraldurinn, en við getum lært af honum. Nýtum sameiningarmáttinn sem hann kennir okkur. Umbreytum kvíðanum í eitthvað uppbyggilegt. Horfum inn á við og hefjum lífið eins og við viljum lifa því, ekki eins og aðrir segja okkur að lifa því. Verum sjálfstæð, sátt við okkur sjálf með kostum og göllum, forgangsröðum og veljum það sem veitir okkur raunverulega hamingju.

Treystum því að ef við kjósum svo, geta aðstæður sem þessar orðið okkur til framdráttar og hvatt okkur til þroska. Samfélagslegi kvíðinn er raunverulegur, en við stýrum hvernig við bregðumst við honum og það sem mikilvægara er, hvað við gerum við kvíðann sem var innra með okkur fyrir faraldurinn.





## Kófið færði okkur nýja aðventuhefð og jólasveina á fjarfundi – aðventa í Álfaborg



Þessi mynd af greinarhöfundi er nokkuð lýsandi fyrir stemninguna á aðventunni hjá okkur í Álfaborg.

### MARGRÉT JENSÍNA ÞORVALDSÓTTIR

Aðventan hjá okkur einkenndist af heimilislegum jólahæfðum í bland við samkomur í samkomuhöftum á þessum skrítnu tímum. Það var bakað, sungið, fönðrað, lesið og leikið í snjónum. Við héldum í jólahæfðirnar okkar og sóttum m.a. jólagarðinn heim, slógum upp jólakaffihúsi og vegleg jólatrésskemmtun var haldin í skólanum. Jólasveinarnir Stúfur og Gluggagægir heimsóttu okkur í garðinn á fullveldishátíðinni og hjálpuðu okkur að tendra ljós á grenitrénu sem búið er að gróðursetja fyrir okkur og krakkana í Valsárskóla. Vegna samkomuhafta var kveikt fjórum sinnum á trénu með veglegri athöfn, við fylltum einn hópinn og Valsárskólabörn komu í þremur hópum. Jólratréð okkar er því aldeilis búið að kynnst því út á hvað þetta jólahald gengur! Svo var boðið til veislu í hádeginu, hangiket með öllu tilheyrandi og höfðum við öll góða lyst á kræsingunum. Og ekki var veislan búin, í kaffinu var boðið uppá lummur og heitt kakó. Hér eru nokkrar myndir frá gleðinni.



Jólafröndurdagur með foreldrum var með öðru sniði, jólafröndurpokar fóru heim með hverju barni og þá gátu þau fönðrað með fjölskyldu sinni eins og ekkert hefði í skorist. Svo var líka setið við að útbúa jólagjafir handa mömmu og pabba. Hér má m.a. sjá sultugerð eins og þessar myndir sýna.



Börnin á Rjóðri settu upp veglega jólasýningu, börnin á Kvisti og Hreiðri voru sérstakir boðsgestir. Við sendum svo myndbandið heim með nýjustu tækni. Þarna var bæði hljómsveit og kór, og stelpurnar í Rjóðri fluttu Kisutangó við mikil fagnaðarlæti.




Börnin skreyttu jólatréð af hjartans lyst og dáðust svo að verkinu



*Elstu börnin fóru í heimsókn í jólagarðinn og þar ríkti mikil gleði enda alltaf líf og fjör í jólahúsinu.*



Við vorum svo heppin að á fjörur okkar rak tvo álfa. Þeir spruttu beint uppúr barnabók og settust að hjá okkur alla aðventuna. Við fengum veglegt kynningarbréf frá þeim og Blær, fjólublái vinabangsinn okkar tók þá strax á hné sér og setti þeim ákveðin mörk svo þeir gengju ekki of langt með óknyttina. Þetta voru skrítnir og skemmtilegir álfar, þeir voru í samvinnu við jólasveinana, sveinkarnir máttu ekki koma inn til okkar vegna ástandsins svo þeir brugðu á það þjóðráð að fá þessa tvo til liðs við sig. Álfarnir voru ótrúlega hugmyndaríkir og skemmtu okkur með allskonar uppátækjum, þeir halda kyrru fyrir á daginn en þegar við komum á morgnana þá voru ófá skammarstrikin sem tóku á móti okkur. Við erum á því að þarna hafi Covid-19 fært okkur nýja og afar skemmtilega hefð, við vonum semsé að jólasveinarnir sendi okkur þá framvegis á aðventunni. Eins og þið sjáið af myndunum af þessum skemmtilegu hrekkjalómum, þá höfðu þeir sóttvarnir í hávegum. Okkur grunar að Blær hafi lagt þeim lífsreglurnar með þetta.



Einnig komu skemmtilegir jólasveinar í heimsókn á jólaballið okkar sem við urðum því miður að hafa foreldralaust að þessu sinni. Sveinarnir létu ekki samkomubann aftra sér og komu þeir með aðstoð tækninnar alla leið úr Esjunni – hvern hefði grunað að tækniþekkingu Grýlu og Leppalúða hefði fleygt svo fram? Þetta vakti mikla lukku hjá öllum, sveinki spjallaði við börnin og söng með þeim. Svo gengum við í kringum jólatréð og sungum við undirleik hennar Svetu og allir fengu pakka sem sveinki hafði póstaglagt.



*Hér læt ég sögu lokið af aðventu 2020 í Álfaborg um leið og við óskum ykkur öllum gleðilegs árs 2021.*



## Jólin á tímum COVID-19

BJÖRG ERLINGSDÓTTIR


Það er nú svo merkilegt að ýmis nýyrði hafa orðið til í þessum heimsfaraldri og stundum er ekki um nýyrði að ræða heldur nýja merkingu orðs sem við höfum áður tengt við annað eða aðra notkun. Eitt þessara orða er jólakúla. Nú þegar rætt er um jólakúlu erum við ekkert að spá í glitrandi fagra kúlu sem við setjum á jólatré en skiljum sem hóp einstaklinga, einstaklinga sem við verjum mestum tíma með, þá sem eru okkur kærastir og eru þeir sem við verjum gæðastundum lífsins með, eins og jólum. Og í ár þurftu "allir að passa uppá jólakúluna sína" sem þýðir að við þössuðum að blanda ekki saman eða fara á milli ólíkra jólakúlna, gátum ekki heimsótt eða verið samvistum við þá sem eru utan þessa hóps, í öðrum jólakúlum. Eins og lífið hafi nú ekki verið flókið fyrir á tímum COVID en þegar á reyndi var þetta ótrúlega einfalt.

Jólin árið 2020 voru einkar róleg, lítið var um veislur, mikið var um kyrrð og ró, spilað og púslað, farið í göngutúra og alltaf með sama fólkinu. Ég hef sennilega aldrei átt jafn róleg jól, lesið mikið



og legið í leti milli þess sem hundarnir drógu mig út í göngutúra. Og svo skreytti ég allt hátt og lágt þó svo vitað væri að fáir myndu njóta - engar heimsóknir voru fyrir jól og sjálf fór ég af bæ yfir hátíðirnar. Jólin voru góður tími til að njóta friðar og samvistar við mína nánustu. Og svo komu áramótin og þá eignaðist ég nýja jólakúlu, komin á Svalbarðsströnd og fór í áramótaboð - í nýja jólakúlu og þar var áramótum fagnað með myndarlegum sprengjum. Þegar áramótin gengu í garð var veifað til veislugesta, ekkert verið að skella koss á kinn eða faðma og óska gleðilegs árs. Það breytist eitthvað í samskiptum okkar manna þegar svona einfaldir hlutir eins og að heilsast með handabandi, faðma vini og vandamenn eða smella kossi á kinn, má allt í einu ekki og er orðið óþægilegt. Sjálf hef ég haft það sem venju að heilsa mönnum og konum, ungum sem öldnum með handabandi en nú má það ekki og ég er stundum í stökustu vandræðum með að leysa þetta - þessa formlegu fyrstu kynningu sem mér finnst svo mikilvæg. Koma tímar og koma ráð, við getum vonandi haldið áfram að heilsast með virktum eftir sem áður þegar lífið kemst í eðlilegra horf.

Eitt og annað gott hefur orðið vegna COVID - ég á örugglega eftir að fækka jólaveislum og boðum í framtíðinni, versla fyrr eins og raunin varð núna og jafnvel versla jólagjafir í gegnum netið eins og raunin varð núna. En á sama tíma get ég ekki beðið eftir að hitta alla ættingja sem hittast alltof sjaldan, fara í verslunarleiðangur fyrir jólin og njóta skreytinga og jólaljósa og upplifa stemninguna sem fylgir aðventunni. Það verður vonandi árið 2021 og jólakúlurnar verða aftur á jólatrénu.



Þessi mynd, af jólasveini í jólakúlu, er tekin í dýragarði í Álaborg, Danmörku í nóvember 2020.

Það er greinilegt að víða um heim voru jólakúlur mikið notaðar í samkomutakmörkunum.



## Öðruvísi en önnur jól

MARÍA AÐALSTEINSDÓTTIR

Ef þú lest þennan texta, til dæmis eftir 50, 100 eða 200 ár þá er ég ekki alveg viss hvernig jólin verða hjá þér. En jólin hjá mér hafa verið nokkuð hefðbundin og einkennst af gömlum venjum. Á Þorláksmessu höfum við fjölskyldan klárað að búa til jólabúðinga og soðið hangikjöt. Jólabúðingarnir eru annars vegar sítrónubúðingur og hins vegar súkkulaðibúðingur. Þessi búðingagerð er nokkuð áhættusöm þar sem margt getur farið úrskaiðis. Í fyrsta lagi getur matarlímið farið í kekki í sítrónubúðingnum og þannig skemmt áferðina. Í öðru lagi getur súkkulaðið farið í kekki ef hitastigið er ekki rétt þegar það fer saman við eggjarauðurnar. Oftast er annar búðingurinn fullkominn meðan hinn er í kekkjum, en þeir eru samt alltaf góðir á bragðið. Móðir mín gerði alltaf þessa búðinga svo lengi sem ég man eftir og hafa þeir fylgt fjölskyldunni og verið stór hluti af jólahaldinu. Alltaf voru þeir fullkomnir hjá mömmu enda var hún húsmæðraskólagengin og var sérstaklega flink við matargerð.



Jólatréð er fjallapínur frá Kristnesi, við skreytum það alltaf með það í huga að meira er betra.



Jólaborðið klárt á aðfangadagskvöld, matarstellið er merkt SIS og líklega yfir 60 ára gamalt.



Ómissandi súkkulaðibúðingur í gömlum skálum sem mamma og pabbi fengu í brúðkaupsjöf árið 1960.

Það er fleira sem er nauðsynlegt á jólum eins og laufabrauð. Í minni fjölskyldu skerum við og steikjum laufabrauð í miklu magni. Við notum ekki laufabrauðshjól heldur skerum allt með hnífum og steikjum upp úr tólg. Fleira gerum við og má þar nefna síldarsalöt og rauðrófuhlaup. Bæði síldarsalötin og hlaupið eru löguð eftir gömlum dönskum uppskriftum. Ekki má gleyma rjúpunum sem við eldum alltaf á aðfangadag og eru fastur liður í jólahaldinu. Á Þorláksmessu þá höfum við oftast haldið eitt boð og farið í annað til að halda upp á afmæli. En vegna 10

manna samkomubanns og „jólakúlu“ jóla þá héldum við ekki boð eða fórum í boð. COVID-19 jólakúlan í minni fjölskyldu samanstóð af mér, eiginmanni mínum, drengjunum mínum tveimur og pabba mínum. Þannig vorum við bara fimm um jól og áramót og fórum ekki á tónleika, í kirkju eða í fjölmennt jólaboð á jóladag eins og vanalega. Við borðuðum góðan mat, skiptumst á pökkum á aðfangadagskvöld, spiluðum og fórum á gönguskíði. Þar sem við höfum gaman af spennu- og glæpaþáttum var líka töluvert horft á hina og þessa þætti bæði mis gáfulega og mis skemmtilega.



Allt klárt fyrir möndlugrautinn í hádeginu á aðfangadag.

COVID jólin 2020 voru öðruvísi en önnur jól þar sem ég hitti færri fólk, fór í færri jólaboð en vanalega og búðaráp í desember var með minnsta móti. Það litla sem ég fór í búðir þá var ég alltaf með grímu og hanska. En grímuskylða hefur verið í margar vikur á stöðum þar sem ekki er hægt að halda 2 m fjarlægð frá öðru fólk. Þrátt fyrir allar þessar takmarkanir voru jólin ánægjuleg og gáfu kærkomna hvíld. Ef til vill verður COVID til þess að jólahald verður öðruvísi héðan í frá en það á eftir að koma í ljós.



Hlaup úr eplum, rauðrófum, sveskjum og fleiru.



Víða í heiminum voru takmarkanir á samkomu. Á Íslandi voru takmarkanir miðaðar við 10 manns. Í Smáratúni 9 var jólakúlan svona.



## Jólaskjól

NÍELS HAFSTEIN

Einhvern veginn héldum við sönum í farsóttinni með öllum sínum takmörkunum og andfélagslega hátterni sem hlýst af valdboði að ofan og hefur lagt margan manninn að velli en ekki er fyrirséð um þau ósköp sem eiga eftir að koma í ljós er á líður þegar menn skríða úr holum og skúmaskotum með andlega bresti og illvíg veikindi sem ekki fékkst bót á vegna yfiringangs veirunnar, örvæntingarfullt, þunglynt og kvíðið fólk um framtíðina, nei, þá er betra að hafa innri styrk og bakhjarl í fjölskyldu og vinum, jafnvel í löngum fjarska, í öðrum landshluta eða utan seilingar í símtali, tölvuskeyti, bréfi og korti eða flöskuskeyti sem fær góðan byr í hagstæðum straumum og kveikir á andlegri innlifun og sterkri hugsun sem maður skynjar þrátt fyrir allt og ekkert.

En stundum fer fólk um víðan völl og hugsun þess þenst út til hins ýtrasta svo það stendur fyrir vikið á blábrún hengiflugsins fyrir neðan og vissara fyrir það

að fóta sig betur og einskorða sig við það sem skiptir máli og tengja saman ótrúlegustu hluti þannig að allir meðtaki og skilji hvað meint er, en þó er ekki víst að hægt sé að stoppa si svona þegar hugurinn er kominn á flug, ekkert frekar en fuglinn sem flýgur frá Afríku norður yfir Atlantshaf og þarf að nýta vindinn í stélið til að komast í áfangastað en falla ekki örmagna í ólguna fyrir neðan þar sem fiskarnir bíða með opinn kjaftinn að grípa og japla á og kyngja á meðan þeir stinga sér fullnægðir í djúpin til að leggja sig í sandinn að melta fæðuna og loka öðru auganu á leið inn í drauminn - og tálknin blaka.

Smám saman færast jólalegur blær yfir byggingarnar og allt um lykandi andi hátíðleikans læðist inn án þess að vera boðinn sérstaklega velkominn, enda vanur mislitu, bæði andúð og ljúfri gleði, og það framlengda veisluborð í sólstofu sem á mörgum ljósmyndum svignar niður í gólf undan kræsingum liðinna ára er fallið úr því hlutverki og fagnar nú aðstreymi jóla og hýsir pappír og borða, slaufur, glitbönd og yfirdrifin kort sem skreyta aragrúa pakka sem húsfreyjan á bænum keppist við að koma saman í eina heild og í gluggunum loga



Jólatréð smíðaði Niels árið 1985 og hengdi upp á vegg svo Haraldur sonur hans tætti það ekki í sundur.

Þríarmaljós og kasta bjarma sínum út á snævipakin trén sem skilja ekkert í þessu skráfandi tilstandi í daufri skímu vetrarins er þau hægja á sér og safinn úr föllnum laufblöðunum hefur sigið niður í ræturnar - og bíða vorsins.

## Hremmingar Skyrjarms

ANNA HEIÐUR ODDSDÓTTIR

Heill og sæll Tómas Jónsson.

Já, hver ert þú með leyfi?

Þetta er Anna frá Tímahylkinu. Við erum að gefa út hátíðarblað og þar sem þú ert einn minn besti heimildarmaður, eftir að pabbi þinn varð frá að hverfa, vildi ég heyra hvernig jól og áramót hafa verið hjá ykkur þarna í sveitinni - í skugga Covid.

Ja, ég get reyndar sagt frá því að hér á bæ hefur bæst í hópinn alvörusjólasveinn, segi og skrifa **alvöru**.

Nú detta mér allar dauðar lýs ...hvernig í ósköpunum vildi það til?

Hann var á leið til fjalla eftir jólin, bankaði hér upp á og sagðist vera svo slappur að hann treysti sér ekki lengra. Skjálfaði á beinunum, rámur og hóstandi. Greinilega með háan hita.

Hvað tókst þú til bragðs?

Ég skikkaði hann náttúrulega umsvifalaust í sóttkví, eða var það einangrun? Hann maldaði aðeins í móinn, hafði aldrei heyrt um kórónuveiruna en ég bentí honum á að allir þyrftu að hlýða sóttvarnareglum, ekki síst jólasveinar.



Hann er varla svipur hjá sjón, enda varð hann hastarlega veikur um tíma. Mynd Donald Teel

Hvar er hann þá niðurkominn núna?

Hann hefur haldið til í gamalli hlöðu hér skammt frá, sem betur fer var hann með óþrjótandi birgðir af skyri, aðallega vanilluskýri og skógarberjaskýri, þannig að ég hef ekki þurft að bera af honum mikinn kostnað. Hann kann að útbúa alls konar fína skyrrétti.

Svo þetta er þá Skyrgámur?

Já, það segir sig sjálf. Eða Skyrjarmur eins og hann vill heldur láta kalla sig. Sá áttundi. Ég gef honum auðvitað vatn og líka hákarlalýsi og vítamín. Nokkrar verkjatöflur þegar hann er sem verstur.

Þannig að þið eruð bara í góðum málum.

Nei, því miður hefur komið upp vandamál. Nú neitar hann að fara. Þó hann sé búinn að ná sér að fullu.

Ha, þér getur ekki verið alvara.

Jú, hann hefur sótt um hæli hér á bænum, segist frekar vilja vera fjárhirðir eða kúasmali en að snúa til baka til fyrra lífs. Hann vilji alls ekki fara aftur heim til fjalla.

Hvað gengur honum til?

Mér skilst að Grýla og Leppalúði hafi alla tíð verið andstyggileg við hann. Bræðurnir líka. Í mannheimum þykist þessir jólavættir af tröllakyni vera góðir og elskulegir en það sé ekkert annað en yfirvarp. Í raun séu þeir hættulegir hrekkjalómar, stríðnir og þjóftir. Hann hafi aldrei átt svo leikfang að Gluggagægir hafi ekki stolið því. Enginn svefnfriður sé fyrir látunum í Hurðaskelli.



Skyrréttirnir eru hreint afbragð



Skyrjarmur var á leið til fjalla eftir jólin þegar hann bugaðist og baðst hjálpar. (Ljósmynd: Ferðafélag Akureyrar)

Mig skal ekki undra.

Jólaótturinn sitji um að bíta hann og klóra við hvert tækifæri. Þar að auki hafi hann, sem sé Skyrjarmur, aldrei verið neitt jólabarn. Hins vegar sé hann bæði ljúfur og ljóðelskur, fágaður og friðelskandi. Þessvegna hafi líka runnið upp fyrir honum með tímanum að hann hljóti að hafa verið ættleiddur. Nú vill hann umfram allt hafa upp á blóðforeldrum sínum og hyggst ekki unna sér hvíldar fyrr en það hefur tekist.

Aumingja maðurinn. Ég meina jólasveinninn ...hvað skal segja?

Ég segi, gætir þú ekki hjálpað honum við leitina að uppruna sínum? Rannsóknarblaðamaðurinn sjálfur.

Tja, það er nú kannski fullmikið sagt að kalla mig rannsóknarblaðamann.

Ég bakka ekki með það. Væri þá ekki líka best að hann fengi að búa hjá þér, Anna? Upp á samstarfið. Hæg heimatökin og allt það.

Er það ekki frekar langsótt? Ég bý mjög þröngt og er með tvo stóra hunda. Hann er örugglega með ofnæmi.

Þar skjátlást þér. Hann hatar ketti en hunda elskar hann út af lífinu.

EKKI ORÐ UM ÞAÐ MEIR, VIÐ KOMUM STRAX!



## Aðventa, jól og áramót 2020

GUNNAR EINAR STEINGRÍMSSON


Það er óhætt að segja að aðventa og jól árið 2020 ásamt áramótunum 2020-2021 hafi ekki verið eins og fólk á að venjast. Og ekki síst á það við um okkur prestana, en þessi árstími er nú einmitt sá tími þar sem í venjulegu árferði prestar eru mjög uppteknir og vanalega mikið um að vera í kirkjunum og kirkjulegu starfi.

Fyrir sóknarprestinn í Laufási var þetta skritinn og óvenjulegur tími.

Ég hafði hlakkað mjög mikið til þess að fá að halda á ný upp á venjuleg íslensk jól, eftir að hafa búið í tæp 9 ár í Noregi. Og hafandi aldrei fengið að upplifa það sem prestur fyrr að halda íslensk jól, þá var eftirvæntingin sérstaklega mikil.

Ég hafði frá því seint í sumar verið farinn að æfa hátíðartónið (það messutón sem presturinn og kórinn syngja um hátíðarnar), en mismunandi messutón eru fyrir aðfangadag, jóladag og gamlársgangur. Þannig að ég var búinn að æfa og undirbúa 3 mismunandi tegundir af messutóni (messusöng) eins og vanalegt er. Enda hefði að öllu jöfnu verið ströng dagskrá fyrir mig sem prest þessa hátíðisdaga. Ef allt hefði verið með eðlilegum hætti hefði ég frá því í byrjun adventunnar verið með 3 adventukvöld (í Svalbarðskirkju, Grenivíkurkirkju og Þorgeirskirkju). Ég hefði farið í skólaheimsóknir og leikskólaheimsóknir. Ég hefði átt nokkrar heimsóknir á Grenilund (sambýli aldrafara á Grenivík) og í hópa eldri borgara á Svalbarðsströnd, á Grenivík og fyrir austan. Auk þessa hefði ég verið með jólafund í fermingarfræðslunni, hátíðarsunnudagaskóla í Svalbarðskirkju og í Grenivíkurkirkju ásamt fjölskyldusamveru í Þorgeirskirkju. Á aðfangadag hefði ég átt að vera með aftansöng kl.16.00 í Svalbarðskirkju og kl.18.00 á jóladag hefði átt að vera hátíðarmessa í Lundarbrekkukirkju kl.11.00, í Þorgeirskirkju kl.14.00 og í Hálskirkju kl.16.00. Á öðrum degi jóla hefði átt að vera hátíðarmessa í Laufáskirkju kl.14.00 og á sunnudegi milli jóla og nýárs (27.des) hefði átt að vera helgistund á Grenilundi. Á gamlársgangur hefði átt að vera aftansöngur í Grenivíkurkirkju kl.18.00 og á fyrsta sunnudegi nýs árs hefði átt að vera hátíðarmessa Draflastaðarkirkju.

Ekkert varð af þessu!



Sjónvarpsmessa á N4, Gunnar er í predikunarstólnum.



Gerð var upptaka af aftansöng í Laufáskirkju.

Í staðinn bjó ég til stuttar hugleiðingar/helgistundir sem ég sendi rafrænt til Grenivíkurskóla og á Grenilund. Auk þess að útbúa stuttar hugleiðingar/helgistundir sem ég lagði út á Facebooksíðu prestakallsins. Má til gamans geta að tæplega 3 mínútna löng hugleiðing frá 15. desember hefur fengið yfir 1000 áhorf á Facebook! Ég auglýsti einnig að á hverjum miðvikudegi adventunnar, um hádegisbil, myndi ég ganga út í Laufáskirkju til þess að biðjast fyrir. Og ég bauð upp á að fólk gæti haft samband við mig og komið með fyrirbænarefni. Fékk ég á þriðja tug fyrirbænarefna!! Prófastsdæmið tók upp á því í haust að útbúa í sameiningu sunnudagaskóla sem dreift var á netinu á Facebooksíðum prestakallanna, þannig var boðið upp á rafræna sunnudagaskóla í allt haust, og einnig á adventunni. Ennfremur var samstarf innan prófastsdæmisins um að taka upp helgistundir frá hinum og þessum sóknnum prófastsdæmisins, sem einnig voru birtar á Facebooksíðum prestakallanna. Þann 10. desember var gerð upptaka af aftansöng í Laufáskirkju – þessi upptaka var svo send út á aðfangadag kl.16.00 á Facebooksíðu prestakallsins og eru tæplega 600 áhorf á þennan aftansöng. En ég veit þó til að á fjölmörgum heimilum var allt heimilisfólk samankomið og horfði saman á messuna og tók þátt. Því má áætla að mun fleiri hafi horft og tekið þátt en áhorfstölurnar gefa til kynna. Þann 14. og 15. des var svo tekin upp „stór“ hátíðarmessa í Grundarkirkju í Eyjafirði. Þetta var samstarfsverkefni prófastsdæmisins og kom það í minn hlut að predika í þessari messu. Messan var svo sýnd á sjónvarpsstöðinni N4 á jóladag.

Þrátt fyrir að lítið hafi verið um „venjulegt“ helgihald þessa hátíðardaga, þá var samt nóg að gera fyrir prestinn. Og auk þess sem ég hef nefnt hér að framan þá má geta þess að yfir hátíðarnar var ég með skírni í heimahúsi, hjónavígslu og útför. Og þetta þurfti auðvitað að undirbúa, auk þess að hitta fólk í viðtölum.

Fjölskyldulífið var auðvitað á vissan hátt frábrugðið því sem vant er hjá okkur á heimilinu. Því í stað þess að ég hafi verið að heiman stóran hluta aðfangadags og jóladags (því í Noregi þar sem við bjuggum og ég var prestur, þá var ég heima og gat notið þess að undirbúa jólamatinn og biða svo komu jólaanna.

Og það var vissulega hátíðleg stund að ganga með mínum elsta syni út í Laufáskirkju, rétt fyrir klukkan 18.00 á aðfangadag – og hringja svo jólin inn með því að hringja kirkjuklukkunum. Jólahátíðin var því fyrir vikið virkilega góð fjölskylduhátíð fyrir mig að þessu sinni, og fannst mér það auðvitað dásamlegt að geta slappað af í faðmi fjölskyldunnar þessa hátíðisdaga.

Auk þess sem við nutum þess að fara oftar í fjárhúsin en vanalega, og fengu blessaðar rollurnar að njóta góðs af því með nokkrum auka-gjöfum.

Jólahátíðin var því svo sannarlega góð og innihaldsrík, því mikilvægast er að vera með þeim sem manni þykir vænt um. Og innihald jólaanna, það að Guð sjálfur kom til oss í litlu barni í fjárhúsi í Betlehem er óbreytt, hvað sem ytri aðstæðum líður.

---

Eftir 100 ár verður umræðan um „Covid19“ kannski svipuð því hvernig við í dag tölum um Stórubölu og Svarta dauða. Svo sannarlega vona ég að kirkjustarf og guðsþjónustulíf haldist áfram í Svalbarðsstrandarhreppi og að jólahátíðin haldi áfram að snerta við hjörtum fólks. Vegna þess að jólin eru ekki hátíð okkur til handa, heldur fögnum við komu frelsarans í heiminn. Það erum ekki við sjálf sem erum aðalatriði jólaanna, heldur Jesús Kristus. Þess vegna held ég að jólahátíðin muni áfram vera sterk og áhrifarík hátíð eftir 100 ár.

Mig langar til þess að enda þennan hluta

Tímahylkisins á orðum

úr Jósúabók, kafla 1 vers 5-6:

*Ég mun vera með þér, segir Guð, eins og ég var með Móse.*

*Ég mun hvorki bregðast þér né yfirgefa þig.*

*Vertu djarfur og hughraustur.*

Með bestu kveðjum og ósk um Guðs blessun.  
Sr. Gunnar Einar Steingrímsson  
sóknarprestur í Laufásprestakalli



Úr fjárhúsunum. Blessaðar rollurnar nutu góðs af með nokkrum auka-gjöfum.



# Framtíðarsýn: Árið 2121

MÍA MÖLLER GAUTADÓTTIR, KLÖPP


Kæri lesandi, nú eru 100 ár síðan ég sat í húsinu mínu á Svalbarðsströnd og skrifaði þessar hugmyndir mínar á blað. Kannski hefur eitthvað af því sem mér datt í hug ræst en kannski muntu bara brosa og hafa gaman af þessum skrítnu hugdettum mínum. Ég skal segja þér hvað ég held.

Ég held að tungumálið okkar verði líklega búið að breytast og það verði komin allskonar ný nöfn fyrir fólk. Það mun held ég verða líkara ensku og hún gæti jafnvel hafa tekið yfir íslenskuna. Ef það rætist þá munt þú sem opnar tímahylkið jafnvel ekki skilja það sem ég er að skrifa núna.

Húsin eftir 100 ár gætu verið allskonar í laginu, ekki öll svona ferköntuð eins og í dag. Kannski býrð þú sem þetta lest í þríhyrningshúsi! Ég held að það verði líka búið að finna upp á ótrúlega mörgum nýjum tegundum af mat t.d. cheerios pitsu. Ég held að það verði ennþá til bækur en þær verða svona framtíðarbækur, bækur sem verða tæknilegri með innbyggðu ljósi til dæmis.

Það verður örugglega líka hægt að kaupa sér fljúgandi rúm til að sofa í, þau eru til núna árið 2021, en þau eru hræðilega dýr, eftir 100 ár verða þau kannski ódýrari. Það verða heldur ekki öll tæki ferköntuð eins og í dag heldur getur fólk valið um t.d. síma sem er eins og þríhyrningur eða Ipad sem er eins og hlaup. Það verða líka komnir fleiri róbótar sem vinna fyrir fólk eins og t.d. á sjúkrahúsum svo hægt verði að hjálpa fleirum. Ég held líka að loksins verði búið að finna upp tæki til að opna aðrar víddir í geimnum og manneskjur muni geta ferðast milli vídda á öruggan hátt. Í geimnum verða fundnar nýjar plánetur þar sem fólk getur lifað og það verður búið að finna upp seyði svo fólk þurfi ekki að deyja.

Það verður líka búið að komast að því hvað raunverulega er inni í svartholi og það verður hægt að senda myndavélar út í geiminn sem munu geta farið inn í svarthol og leyft okkur að sjá hvað er þar. Mikið vildi ég geta verið í þínum sporum ef það er hægt, kæri lesandi. Þó að það muni einhver dýr verða dáin út þá held ég að það verði líka komið fullt af nýjum dýrum t.d. máfur með andarhaus. Vísindamenn munu gera tilraunir og þeim mun takast að setja til dæmis tvö dýr saman í eitt. Kæri lesandi, ástæðan fyrir að ég nefni máf með andarhaus er að máfar eru uppáhalds dýrið mitt og endur eru svo voðalega sætar. Eftir 100 ár hefur Covid-19 verið stoppað og enginn þarf að nota lengur þessar ömurlegu grímur og það verður til nóg bóluþefni fyrir alla. Ég vona að allir fái lyf sama hvar þeir búa í heiminum. Kæri lesandi, mig langar að segja þér að það er gott að vera til núna árið 2021 og ég vona að það verði líka gott að vera til eftir 100 ár. Ef hugmyndin mín rætist með seyðið þá mun ég sjálf kannski bara kíkja í tímahylkið og lesa þetta, þá verð ég 109 ára!




Reddit – Fyrirmyndarborg framtíðarinnar (Morimoto, 1970's)

## Að lokum drögum við jörðina út úr sólkerfinu

NÍELS HAFSTEIN

Á síðari hluta 21. aldar náðist samkomulag um það hjá Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna að fækka mannkyninu, var það gert samkvæmt tillögu Alþjóðaráðs framtíðarsýnar sem skilaði yfirgrípiskilli skýrslu um málið eftir áratugalanga rannsókn og úrvinnslu. Aðalröksemdin var sú að vísindamönnum hefði tekist að útrýma hættulegustu sjúkdómunum og þróa bóluþefni til varnar þeim sem kæmu fram síðar. Í skýringu sem fylgdi tillögunni var fullyrt að lífslíkur manna væru orðnar svo miklar og fjölgun þeirra slík að það væri ekki annað í boði en að velja úr þá hæfustu. Var stefnt að því að jöfnuður kæmist á árið 2120 og nægur tími til að útfæra markmið þingsins með eðlilegum brag án þess að vekja upp óæskileg og hættuleg viðbrögð við fyrirhuguðum genaklippingum og frjósemisskýringum til að ná fram viðunandi niðurstöðu.







Verkið Íhvolf frá 2011 eftir Niels Hafstein

Árið 2101 varð mesti viðburður mannkynssögunnar, því þá gerðu geimverur vart við sig á nokkrum stöðum nálægt þéttbýli vestan hafs og austan. Það kom ekki öllum á óvart því merki um að þróað líf væri á öðrum hnöttum höfðu verið sönnuð og jafnvel gefnar út yfirlýsingar um að öflugustu stjörnvöldin hefðu haft náið samband við það. Um leið féllu úr gildi kenningar um guðlegt vald og trúarbrögðin urðu úrelt fyrirbæri þótt enn eimi eftir af forneskju. Verurnar höfðu í þúsundir ára heimsótt jörðina, fyrst til að grafa eftir fágætum málum, sem skýrði óteljandi göng og hella sem menn höfðu klórað sér í hausnum yfir, en síðar til að leiðbeina fólki sem vildi fræðast. Þær sögðu að flestar stórbyggingar frá fyrri öldum hefðu verið reistar fyrir misskilning og væru margar í líkingu við loftför þeirra. Þær gáfu þá skýringu á skyndilegri framþróun mannsins að þær hefðu breytt genamengi hans, bætt við ýmsum mikilvægum þáttum en ekki hróflað við þeim sem tengdust grunneðli, sjálfsbjargarviðleitni, útpensluþörf og árásargirni sem þær töldu nauðsynlega til að halda styrk og þróa heilann til að leysa vandmál og verjast hættum.


Við getum þakkað geimverunum helstu tækni framfarir, leysigeislann, málma án eðlisþyngdar og aðra með minni, virkjun fráhrindkraftsins, vörpuhraðann sem fer framúr ljóshraðanum, huldufnið og strengjakerfið sem liggur í sveigjum um geiminn að ystu mörkum. Þá hafa verurnar lýst því hvernig ormagöng virka og látið okkur fá upplýsingar um það hvernig þau eru nýtt til ferðalaga inn á svæði sem annars væri ekki hægt að komast til vegna ofboðslegrar fjarlægðar. Verurnar ráða yfir þeirri tækni að geisla bæði sig og hluti um set með ógnarhraða án þess að skaðast og erum við nú að aðlaga hana að þörfum okkar. Verurnar eru líkar mönnum í útliti en hugsanlegt er að gervi þeirra sé að sumu leyti dulbúningur til að koma í veg fyrir óþarfa geðshræringu. Það skýrir hugmyndir fornaldarmanna um útlit þeirra víða um jörðina því birtingarmyndin er ekki alltaf eins, stærðarhlutföllin breytileg og andlitsfallið ólíkt eftir aðstæðum.



Við höfum náð tökum á mengun í höfunum og vinnum nú að lausn sem dregur plastagnir saman svo hægt sé að skilja þær frá sandi og smádyrum, og það hjálpar til að allur fljóttandi úrgangur á straumskilum hefur verið dreginn í land og allar strendur eru vaktar til að ná því sem skolast á land og er endurnýtt strax. Spár um ofhlýnun jarðar og hamfarir af hennar völdum hafa koðnað niður því þjóðirnar nýta aðferð Íslendinga að dæla koltvísýringi niður í jörðina, einkum þar sem fyrir eru gímöld eftir vinnslu á olíu og gasi. Þar með fæst traustur grunnur undir íbúðarhverfi sem eru farin að síga niður þar sem námuvinnsla var stunduð um aldir. Þá hverfa áhyggjur manna af hækkun

sjávarborðs og að borgir fari á kaf. Uppfinningamaður kom fram með hugmynd sem reynist vel til að stýra veðri og jafna út öfgar sem áður voru alls ráðandi, vinda lægir, regn dreifist betur og snjór fellur í hæfilegu magni á norður- og suðurhvelum jarðar. Það hefur náðst betra taumhald á árstíðunum, dýr eru ekki lengur í útrýmingarhættu, þau eru frjáls og mynda hópa eftir erfðum og eðlisávisun innan traustra girðinga, örmerkt, og þegar boð berst um meiðsli, sjúkdóm og öldrun sem gerir þeim ókleyft að nærast og verjast, svífa drónar að þeim og fella þau umsvifalaust svo þau þjáist ekki umfram það sem eðlilegt getur talist eða verði rifin sundur lifandi.

Þessi gleðitíðindi eru mannkyninu hvatning til að breyta lífsháttum sínum til muna, draga úr skepnuhaldi, verksmiðjubúskapur leggst smám saman af, kjótát fellur ekki að nútímakröfum en þess í stað eru ræktuð prótín með bragðefnum sem fólk þekkir og sækist eftir. Tún og akrar fara undir skógrækt og grænmeti er nú framleitt í háhýsum í borgum og bæjum án moldar og ýtrasta hreinlætis gætt í ferlinu frá því frjóanginn nærðist í náttúrulegum vökva þar til fullsprottin varan er sett á markað í sérhönnuðum umbúðum til að koma í veg fyrir að hún spillist. Djúpsteiktu skyndifæði er úthýst og útimörkuðum lokað til að koma í veg fyrir smit og heilbrigði haft að leiðarljósi án þess að glata fjölbreytileika lystisemdanna. Allur matur er þrívíddarprentaður eftir smekk um lögun og liti og ílát snædd að loknum málsverði. Víða í sveitum er þó enn fólk fast í fortíðinni og vill ekkert af nýjungum heyra, því finnst líf sitt vera betra í nánnum tengslum við náttúruna. Það ræktar landið með gömlum aðferðum, er með kýr, kindur, svín og hænsemi. Við höfum kortlagt svæðin og þróað fólk fær að heimsækja þau undir huliðshjálmum til að skoða þessa safngripi og þykir mörgum það góð tilbreyting og hin besta skemmtun.



Ferðalögum er stillt í hof þar sem ný tækni leyfir fólki að ganga inn í sýndarveruleika sem nýtir lyktarskyn og snertingu, auk heyrnar og sjónar, sem eykur á ánægju þeirra sem reyna hana, ekki síst í svokölluðum unaðsklefum sem fullnægja hvötunum. Farartækin eru eign ríkisins og getur hver sem er fengið leigða skutlu í ákveðinn tíma, þær eru knúðar áfram af fráhrindandi segulkrafti sem orkar eins og eilífðarvél og þarf aldrei að gera við hana. Sérstakur búnaður í sjálfstýringunni kemur í veg fyrir árekstra. Skutlan er hringlaga plata með sveigjum fyrir læri og kálfa, setan skynjar þörf farþegans til að komast á salerni og sendir um leið merki til losunarstöðva til að kanna hvar biðröðin sé minnst. Hið sama gildir um farartæki sem fara yfir höfin en sjaldgæft er að almenningur ferðist með þeim nema í brýnum einkaerindum. Í geimferðum er veitt innsýn í víðáttur alheimsins með tengingum í sjónauka sem kanna óravíddir á bak við hið fyrirséða og veita þekkingu og nýja reynslu. Fatnaður fólks er hannaður til að sprauta beint á bera líkama þess og getur hver og einn valið sér snið og skipt um eins oft og vill. Lítið mál er að losa sig við hlífina og henda henni í endurvinnslutunnu sem ferðast um á milli íbúða og vinnustaða eftir ákveðnum brautum,



og allur þvottur er óþarfur.

Listir, vísindi og tækni blómgast því fólk hefur meiri tíma til að skoða og skilgreina. Það nýtur velsældar í hlutastarfi, en gervigreindin sinnir sóðalegustu og erfiðustu störfunum sem ekki verður komist hjá. Börnin okkar leika sér við vélknúin gæludýr sem hafa allan tilfinningaskalann og koma til móts við þarfir sem foreldrarir hafa frábeðið sér að sinna, enda er þetta fyrirkomulag mjög hentugt, þroskandi og fræðandi og veitir skýrari svör við erfiðum spurningum

Við sem stjörnum jörðinni erum öll tvíkynjungar, leiðrétt úrval með kvenlega og karlmannlega eiginleika sem skynja betur allar aðstæður, erum næmari og áttum okkur fyrr á breytilegum kringumstæðum. Við setjum hömlur á áratu karla til að slást og hefja stríð og stefnum að því að afmá hana að fullu innan fárra ára. Þetta eru úreltar leifar frá því mankynið reis á afturlappirnar og bjóst til sóknar og varnar við krefjandi aðstæður innan um villidýr sem eru ekki til lengur. Við viljum ekki raska því góða samræmi sem okkur hefur tekist að rækta og fella í hagkvæma farvegi lýðræðis og samkenndar, og þess vegna verðum við að skera frá allan óþarfa, einfalda hlutina, gæta samhljóms í lífi og starfi og hugsa fram á veginn.




Þrátt fyrir velsæld, frið og hamingju manna þá er sá skuggi ætíð yfirvofandi, að þetta líf stenst ekki tímans tönn. Sólin þenst út eftir tiltekinn aldafjölda og gleypir jörðina, og þess vegna er leitað leiða til að nema land á hnetti sem líkist jörðinni, byggilegum með súrefni og lífvænlegum skilyrðum. Sá flutningur er þó aðeins mögulegur að mannkyninu fækki í hæfilegan fjölda svo enginn verði skilinn eftir í vonlausri framtíð. Í fjarlægri framtíð er sá fræðilegi möguleiki fyrir hendi að við getum þróað það megináfl að hægt verði að draga jörðina út úr sólkerfinu og koma henni fyrir annars staðar. Þá þyrftum við ekki að skilja eftir söguleg hús og jarðminjar, við gætum haldið arfleifð okkar til haga, ekki síst snilldarverkum mannsandans sem við nærumst á og eru hvatar til hugmyndaflæðis, frumkvöðlastarfs og sköpunar. Í þeirri von munum við lifa.



Rís svo hinn næsta dag handan við sól og tungl bláhvítu ljósi skyggð, tárögur, hrein.

-Jóhannes úr Kötlum





***FARSÆLA FRAMTÍÐ!***